

Ed.

42. Frumvarp til laga

[32. mál]

um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson,
Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður. Sjóðurinn sé eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að framleiðslu- og atvinnuaukningu og jafnvægi í byggð landsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. 15 millj. kr. framlag úr ríkissjóði 1960.
2. Fé það, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. 20. og 22. gr. fjárlaga, enda hafi lánin ekki verið gefin eftir fyrir gildistöku laga þessara.
3. Inneign ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánnum fyrir gildistöku þessara laga.
Kröfur ríkissjóðs vegna lána samkv. 2. tölul. og greiðslu vanskilaskulda samkv. 3. tölul. þessarar greinar skal afhenda Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði með sömu skilyrðum og skuldabréf vegna harðinda- og óþurrkalána voru afhent hjarg-ráðasjóði, sbr. 22. gr. XL. fjárlaga fyrir árið 1957.

Nú ákveður sjóðsstjórnin innheimtu á skuld, sem fallin er í gjalddaga fyrir gildistöku þessara laga, og getur skuldunautur þá leitað úrskurðar ríkisstjórnarinnar um innheimtuna.

3. gr.

Tekjur Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag ríkissjóðs á árunum 1961—70, 15 millj. kr. á ári.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast samkv. 3. tölul. 2. gr. eftir gildistöku þessara laga. Skulu um þennan lið gilda sömu ákvæði og um 3. lið 2. gr. um stofnfé.

4. gr.

Lán úr sjóðnum má veita gegn tryggingu í atvinnutækjum til hvers konar framleiðslu- og atvinnuaukningar, sem til þess er fallin að efla atvinnulífið í landinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Um tryggingu fyrir láni fer að öðru leyti eftir ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni og samkvæmt því, sem tíðkæpt hefur um lán þau, sem tilgreind eru í 2. tölul. 2. gr.

Lánin má veita sveitarfélögum, samvinnu- og hlutafélögum og einstaklingum og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, sem verst eru á vegi staddir í atvinnu-málum. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, áður en lán er veitt félagi eða einstaklingi.

Lánstími skal vera 10—20 ár, og ákveður stjórnin hann hverju sinni.

Vextir skulu vera 4—6%, einnig samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Ef atvinnutæki, sem sett hefur verið að veði fyrir láni úr Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði, flyzt burt úr sveitarfélagi, sem það var í, þegar lánið var tekið, er lánið allt fallið í gjalddaga, nema stjórn sjóðsins samþykki flutninginn.

Ef sérstaklega stendur á, er stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs heimilt að veita sveitarfélagi vaxtalaust lán eða óafturkræft framlag til þess

að bæta úr atvinnuörðugleikum, ef $\frac{4}{5}$ sjóðsstjórnar eru því samþykkir. Einnig má breyta láni eða vanskilaskuld samkv. 3. tölul. 2. gr. í óafturkræft framlag, ef $\frac{4}{5}$ sjóðsstjórnar samþykkja og telja, að endurgreiðslur séu lántakanda um megn.

5. gr.

Stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Fjórir skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Þó skal stjórnin kosin í fyrsta sinn á þingi því, er samþykkir lög þessi.

Fimmta stjórnarnefndarmanninn, ásamt varamanni hans, kys stjórn Framkvæmdabanka Íslands til fjögurra ára í senn.

Stjórnin velur sér formann.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar, gegn þóknun, er ráðherra ákveður. Einnig veitir bankinn sjóðsstjórninni aðstoð við þau störf, er henni kunna að verða falin samkv. 6. gr., gegn þóknun, sem ákveðin er á sama hátt.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu laun og annar kostnaður greidd úr Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði.

Stjórnin birtir, eigi síðar en 31. marz ár hvert, skýrslu um ráðstöfun fjár úr sjóðnum næsta ár á undan og með hvaða kjörum og til hvers fénu hefur verið ráðstafað, svo og reglur, er hún setur sér um störf sín.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs störf þau, er atvinnutækjanefnd hefur nú með höndum, þar á meðal að gera árlega skýrslu um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í einstökum byggðarlögum, eftir því sem ástæða þykir til, og tillögur og áætlanir um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Lán úr sjóðnum skulu veitt með hliðsjón af slíkum tillögum og áætlunum, séu þær fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að koma föstu skipulagi á tiltekinn þátt þeirrar starfsemi, sem að því miður að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og tryggja, svo sem unnt er, að ráðstafanir, sem hér er um að ræða, verði ekki felldar niður.

Um mörg undanfarin ár hefur verið veitt í fjárlögum eða heimilað að greiða úr ríkissjóði svonefnt atvinnuaukningarfé, sem varið hefur verið til eflingar atvinnulífi, þar sem þess var talin mest þörf, aðallega við sjávarsíðuna. Hefur því einkum verið úthlutað sem lánum út á síðari veðrétt í skipum, fiskiðjuverum og öðrum atvinnutækjum, sem nauðsyn hefur þótt til bera að koma upp í hlutaðeigandi byggðarlögum eða endurbæta. Í fjárlögum voru á árunum 1953—56 ætlaðar í þessu skyni 5 millj. kr. á ári, en varð í reyndinni nokkru meira. Síðar var sú upphæð hækkuð, og er að því vikið annars staðar í greinargerðinni.

Þá er og þess að geta, að ríkið hefur oft, bæði fyrr og síðar, gengið í ábyrgð fyrir lánum, samkvæmt lagaheimildum frá Alþingi. Mörg þessara ríkisábyrgðarlána hafa verið tekin og ábyrgð veitt, í svipuðum tilgangi og atvinnuaukningarlánin (lán til kaupa á togurum og fiskibátum, hafnarbotalán o. s. frv.), en mikið af ríkisábyrgðum er þó til orðið af öðrum ástæðum, sem ekki verða raktar hér. Allmikið er um það, að ríkið hafi orðið að greiða afborganir og vexti af lánum, sem það er í ábyrgð fyrir, a. m. k. öðru hverju, einkum þeim, sem tekin hafa verið til atvinnuuppbyggingar, beint eða óbeint. Hafa þannig safnast óumsamdar skuldir við ríkis-

sjóð. Í seinni tíð hafa í fjárlögum verið áætlaðar vaxandi upphæðir til greiðslu afborgana og vaxta af ríkisábyrgðarlánunum í vanskilum. Þessu valda að verulegu leyti hinir stöðugu erfiðleikar atvinnuveganna vegna verðbólgunnar innanlands. En hér kemur það jafnframt til greina, að uppbyggingarþörf atvinnulífsins í einstökum landshlutum hefur verið miklu meiri en getan til að standa straum af framkvæmdunum, a. m. k. fyrst um sinn, á meðan árangur þeirra var ekki að fullu kominn í ljós, enda stundum fremur um óbeinan en beinan árangur að ræða frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Á öndverðu ári 1956 var af hálfu ríkisstjórnarinnar flutt á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en frv. þetta var samið af alþingismönnum Gísla Guðmundssyni og Gísla Jónssyni, sem skipaðir höfðu verið samkv. ályktun Alþingis til þess að gera áætlanir og tillögur um slíkar ráðstafanir. Frv. varð ekki útrætt. Hins vegar skipaði ríkisstjórnin haustið 1956 sérstaka nefnd (atvinnutækjanefnd) til þess að gera tillögur um útvegum nýrra atvinnutækja og dreifingu þeirra um landið. Skyldi sú nefnd einkum gera tillögur um uppbyggingu atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem verst voru á vegi staddir í atvinnulegum efnum þá. Nefnd þessi hefur m. a. gert skýrslur þær um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í bæjum og þorpum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, sem alþingismenn fengu í hendur haustið 1958, en auk þess ýmsar tillögur og áætlanir, sem hafa verið afhentar ríkisstjórninni. Um sama leyti og nefndin var skipuð, var atvinnuaukningarfé í fjárlögum fyrir árið 1957 hækkað úr 5 millj. kr. upp í 15 millj. kr., en í fjárlögum fyrir 1958 var það 13½ millj. kr., og var sú upphæð haustið 1958 tekin upp í frv. til fjárlaga fyrir árið 1959, en var á Alþingi lækkuð niður í 10 millj. kr. — Úthlutun þessa fjár hefur þó ekki verið í höndum atvinnutækjanefndar, heldur hefur því verið úthlutað á sama hátt og áður, sem síðar verður að vikið.

Í frv. því, sem fyrr var nefnt og flutt var á Alþingi 1956, var lagt til, að stofnaður yrði sérstakur lánasjóður til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Gert var ráð fyrir ríkisframlagi til sjóðsins og að honum yrðu afhentar skuldir, sem þá voru eign ríkissjóðs eða yrðu eftirleiðis vegna atvinnuaukningarlána og ríkisábyrgða. Gert var ráð fyrir, að yfir sjóðinn yrði sett sérstök stjórn. Skyldi hún jafnframt safna skýrslum og gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir, eftir því sem nánar var fyrir mælt í frv. En til þess var ætlað, að Framkvæmdabanki Íslands annaðist daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Frv. þetta er að nokkru leyti byggt á frumvarpinu frá 1956. En gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti falið sjóðsstjórninni þau störf, sem atvinnutækjanefnd hefur haft á hendi undanfarið, og væri hennar þá ekki lengur þörf. Þá er og lagt til, að framlag ríkissjóðs verði 15 millj. kr. árið 1959 og síðan 15 millj. kr. ár hvert í 10 ár. Er þar miðað við þá upphæð, sem hæst hefur verið veitt í fjárlögum síðustu árin fyrir eitt ár í senn. Ef frv. nær samþykki, verður þetta framlag fastákveðið með lögum og skylt að taka það í fjárlög hverju sinni. Er að því mikið öryggi og trygging fyrir því, að áfram verði unnið að jafnvægi í byggð landsins. Til þessa hefur ríkisstjórnin úthlutað atvinnuaukningarlánunum, en ekki getur það fyrirkomulag talizt eðlilegt til frambúðar, þar sem um allmikla lánastarfsemi er að ræða.

Innheimta þeirra atvinnuaukningarlána, sem veitt hafa verið til þessa, mun hafa verið nokkuð á reiki. Veð eru fyrir lánunum þessum, en ekki hefur verið til þess ætlað, að hart væri að lántakendum gengið, heldur færi það nokkuð eftir ástæðum, enda lánin yfirleitt veitt af félagslegri nauðsyn í almannabágu, en ekki til að skapa einstökum atvinnurekendum gróðamöguleika. Svipað er að segja um mikið af þeim greiðslum, sem ríkissjóður hefur innt af hendi, þegar lántakendur gátu ekki staðið í skilum með vexti og afborganir af ríkisábyrgðarlánunum. Aðstaða lántakenda að þessu leyti breytist ekki, þó að Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður verði eigandi skuldanna í stað ríkissjóðs. En eðlilegt má telja, að þeim skuldum, sem ekki er talið rétt að innheimta á einhvern hátt, verði hreinlega breytt í óafturkræft framlag, þegar það þykir tímabært, og að sjóðsstjórnin hafi heimild

til þess. Er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir, að skuldirnar verði afhentar Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði með sömu skilyrðum og skuldabréf vegna harðinda og óþurrka voru afhent bjargráðasjóði, sbr. 22. gr. XL fjárlaga fyrir árið 1957. En skilyrði þessi voru þau, „að stjórn bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu álitu hlutaðeigandi sveitarstjórnar“ (sbr. bréf fjármálaráðuneytisins til bjargráðasjóðs, dags. 26. apríl 1957).

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lánstími sé 10—20 ár og vextir 4—6%. Að öðru leyti þykir rétt að ætla sjóðsstjórninni að ákveða lánskjörin eftir starfsreglum, sem hún setur sér sjálf, og ástæðum hverju sinni. Gert er ráð fyrir í 5. gr., að stjórnin sé skipuð 5 mönnum, 4 kjörnum af Alþingi og einum tilnefndum af stjórn Framkvæmdabanka Íslands, enda hafi hann með höndum daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Samkv. 6. gr. er ríkisstjórninni heimilað að fela stjórn Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs störf þau, er atvinnutækjanefnd, sem er stjórnskipuð, hefur haft með höndum. Er þá svo til ætlazt, að sjóðsstjórnin haldi áfram athugunum þeim og skýrslugerð, sem atvinnutækjanefnd hefur unnið að, og geri framkvæmda-áætlanir, sem hafðar verði til hliðsjónar við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, en verði jafnframt til afnota fyrir Alþingi, ríkisstjórn og aðra þá, er standa fyrir framkvæmdum í þágu atvinnuuppbyggingarinnar í landinu.